

**Nd.**

**35. Framvarp**

til laga um löggilta endurskoðendur.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur endurskoðandi skal hafa náð lögaldri; hann skal vera fjár sins ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal sanna fyrir stjórnarráðinu, eða fyrir nefnd, er stjórnin skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

3. gr.

Ef löggiltur endurskoðandi er eigi lengur fjár sins ráðandi, eða mann-orð hans flekkast, þá skal stjórnarráðið taka af honum löggildinguna. En er hann fær aftur umráð yfir fje sínu, skal hann mega fá aftur löggilding sína.

4. gr.

Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna.

5. gr.

Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Stjórnarráðið tiltekur nánar verkvið löggiltra endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra.

Greinargerð.

Þetta frv. bar jeg fram á þingi 1914. Gekk það þá í gegnum Nd. svo sem jeg ber það fram nú. Þörfin er nú orðin miklu brýnni en þá var, og sýnist því einsætt að láta þetta verða að lögum.